

STOFNFUNDARGERÐ

Stofnfundur Hollvinasamtaka Öldrunarheimila Akureyrar (ÖA) haldinn í húsakynnum ÖA, Austurbyggð 17, 600 Akureyri.

Fundinn sóttu 15 félagsmenn og tveir sem óskaðu að gerast félagsmenn og skráðu sig á fundinn og gerðust stofnfélagar og undirrita fundargerð þessa.

Á fundinum voru lögð fram drög að samþykktum Hollvinasamtaka ÖA og kynnt fundarmönnum. Samþykktirnar voru síðan bornar undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Þá fór fram kosning í stjórn 5 félagsmanna í stjórn hjá félaginu skv. 4. gr og 6. lið í 9. grein samþykktanna:

Í stjórn félagsins náðu kjöri Anna Guðný Egilsdóttir, Snorri Guðvarðsson, Ragnhildur Filippusdóttir, Snjólaug Brjánsdóttir og Björgúlfur Þórðarson. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Sem skoðunarmaður var kjörinn Jóhannes Axelsson.

Stofnfundurinn samþykkti að árgjald í félagið verði kr. 5000.-

Nýkjörinni stjórn var falið að tilkynna félagið til hlutafélagaskrár og útvega þau leyfi sem til þarf.

Fleiri mál voru ekki tekin fyrir.

Fundargerðin var lesin upp og hún staðfest en fundi síðan slitið.

Akureyri, 31. október 2017.





